

# Aðalfundur SDS

## Á Hótel Hellissandi 21.apríl 2012.

Formaður setti fund og bauð alla velkomna. Sérstaklega voru boðin velkomin hjónin Guðbjörn, formaður Samflot og kona hans, Guðbjörg.Gengið var síðan til dagskrár. Sjá fylgisk.1

Fundarstjóri: Erla Laxdal     Ritari: Guðmunda Wíum.

1. Fundarstjóri óskaði eftir því að fundarmenn íhugi að koma í stjórn því okkur vantar 2 meðstjórnendur og 3 til vara.
2. Formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins. Haldnir voru 6 stjórnarfundir. Ræddi hún um starfsemina sl. ár. Ræddi hún um sameiningu félaga og fór hún yfir það. Fór einnig yfir kjarasamninga sem sjá fylgisk.2. Reikningar samþykktir.
3. Gjaldkeri fór endurskoðaða reikninga SDS. Sjá fskj. 3.
4. Skýrsla formanns orlofsnefndar, Ástu Dóru Valgeirsdóttur: Sagði hún frá starfi orlofsnefndar. Tekið var á leigu sumarhús á Spáni og nú í sumar er fyrsta útleiga hússins. Útleiga sumarbústaðar gengið vel, sérstaklega í Munaðarnesi, minna í Húsafelli. Boðið er upp á hótelmiða á nokkrum hótelum í reykjavík, er það mjög vinsælt. Fór Ásta Dóra vítt og breitt um starf og viðhald við bústaðina. Sjá fskj. Nr.4.
5. Skýrsla starfsmenntunarsjóðs. Helga fór yfir skýrslu. Sjá fskj.5. Fundað var aðeins 1 sinni en þeim mun meiri samband rafrænt.
6. Kosning formanns. Helga var ein sem gaf kost á sér og var hún náttúrlega endurkosin með lófaklappi.
7. Kosning í stjórn: Kristjana Árnadóttir var kosin sem meðstjórnandi, í varastjórn: Ásta Dóra Valgeirsdóttir Rifi, og Gerður Þórðardóttir, Ólafsvík.
8. Kosning í starfsmenntunarsjóð. Vantar 1 í stjórnina. Kári Þór Rafnsson, Hellissandi gaf kost á sér og var kosinn með lófataki.
9. Kosning fulltrúa á BSRB þing: Helga, Guðmunda, Kristín og Erla sem aðalmenn og til vara voru kosnar Ásta Dóra Valgeirsdóttir, Kristjana Árnadóttir og Gerður Þórðardóttir.

**Önnur mál:**

Heiðursgestur fundarins, Guðbjörn tók til máls og sagði frá sínu félagi sem stofnað var 1983 og sagði frá tengslum sínum við okkar félag. Sagði einnig frá ýmsum skemmtilegum upptákum á aðalfundi Samflots.

Fór Guðbjörn yfir starfsemi Samflots og sagði frá samningavinnu fyrir þau félög sem eru innan Samflots. Það á eftir að vinna við ýmsa kafla samningsins. Lagði mikla áherslu á að fólk þekki samning og að það verði duglegri við að greiða atkvæði við samninga, því atkvæðagreiðslan hefur því miður verið frekar dræm. Skorar hann á að félagsmenn taki betur þátt í atkvæðagreiðslu samninga þegar þess þarf. Samningurinn gildir til 2014.

Einnig fór hann yfir mannauðssjóðinn sem stofnanir eiga eingöngu að sækja um fyrir sitt starfsfólk.

Samflot: verður samflot áfram? Af hverju erum við saman við kjarasamning?. Því öll samvinna er bara til góðs.

Guðbjörn Sagði frá hve mikil vinna liggur að baki því að vera formaður síns félags á Ólafsfirði og formaður Samflots.

Samflot er gott eins og það er með þeirri samvinnu sem nú er.

Hvatti Guðbjörn félagsmenn að standa vel við bakið á sinni stjórn.

Fundarstjóri þakkaði Guðbirni fyrir og þakkaði fyrir sig og formaður, Helga , sleit fundi kl. 18.15.